

Fjármálaöngþveiti hjá borginni

Kassinn tómur – vanskilareikningar hlaðast upp

□ Borgarsjóður Rvíkur virðist nú eiga í miklum greiðslu-örðugleikum. Hlaðast upp ógreiddir reikningar og menn verða að hverfa frá hvað eftir annað án þess að fá gjaldföllnar greiðslur. Stundum er mönnum sagt að engir peningar séu til þó þeir séu búnir að bíða klukkustundum saman á útborgunardögum.

□ Verktakar borgarinnar

kvarta sáran um að þeir séu orðnir vanskilamenn við aðra vegna þess að þeir fá ekki umsamdar greiðslur frá bænum, og hafa verkamenn kvartað um vanskil á kaupgreiðslum af þessum sökum. Verktakar verða að borga dagsektir til borgarsjóðs ef framkvæmdir þeirra dragast, en hins vegar virðist borgarsjóður engu þurfa að bæta

þó ófyrirgefanlegur dráttur verði á umsómdum greiðslum til verktaka.

□ Orsök þessa ófremdarastands mun vera óhemjungangur íhaldsmeirihlutans fyrir kosningarnar í vor, en þá voru menn látnir vinna dag og nótt við framkvæmdir sem áttu að komast í víslu fyrir kosningarnar, og þá tekin lausa-

lán sem tekjur borgarinnar í sumar hafa farið í, og það svo að örðugt hefur reynst að halda venjulegum rekstri.

□ Þessi ráðsmennska og bruðl með fjármuni borgarinnar í kosningabaráttunni er óafsakanleg og hlýtur að bitna þungt á fylgi þess flokks sem telur sér sama að fara þannig að.

ÞJÓÐVILJINN

Miðvikudagur 21. september 1966 — 31. árgangur — 213. tölublað.

52 skip með samtals 3295 lestir síldar

Hægvíðri var á síldarmiðunum fyrra sólarhring en allmikil kvika og straumur. Skipin voru einkum að veiðum 40–50 sjómílur SA af Dalatanga. Samtals tilkynntu 52 skip um afla, alls 3295 lestir.

Dalatangi:

Haraldur AK 55, Steinunn SH 40, Fagriklettur GK 100, Æskan SI 50, Runólfur SH 20, Ingiber Ólafsson II. GK 70, Sólfari AK 20, Jörundur III. RE 20, Helga RE 70, Reykjanes GK 30, Bára SU 140, Þorsteinn RE 85, Gulifaxi NK 55, Eldborg GK 25, Reykjaborg RE 100, Hólmanes SU 55, Áspór RE 30, Helga Björg HU 35, Helgi Flóventsson PH 30.

Reynir VE 30, Keflvíkingur KE 35, Ásbjörn RE 65, Björg SU 80, Anna SI 25, Þorbjörn II GK 50, Hamravík KE 200, Sæhrímnir KE 85, Jörundur II RE 320, Fróðaklettur GK 60, Skarðsvík SH 90, Hoffell 100, Geirfugl GK 75, Húni II HU 70, Ögri GK 20, Ingvar Guðjónsson SK 110, Oddgeir PH 80, Guðrún Jónsdóttir S 40, Svanur IS 15, Bjartur NK 30, Faxi GK 55, Bergur VE 90, Árni Magnússon GK 50, Andvari KE 25, Björgúlfur EA 50, Akra-borg EA 20, Hrafn Sveinbj. III GK 30, Engey RE 35, Ól. Sigurðsson AK 60, Kópur VE 60, Árni Geir KE 25, Sigurfari AK 110. Lómur KE 75.

Aflinn er talinn í lestum.

Brutu 90 rúður

Einhverjir skemmdarvargar hafa leikið lausum hala á Akranesi um helgina og valdið stórtjóni með að brjóta um 90 rúður í fiskverkunarhúsi og fleiri byggingum. Haraldur Böövarssonar. Var lögreglunni á Akranesi tilkynnt þetta á sunnudagskvöld og hafði þá sést til þriggja unglinga í nánd við byggingarnar og var einn þeirra skorinn á hendi. Biður lögreglan alla er einhverjar upplýsingar eða ábendingar gætu gefið um þetta mál að snúa sér til hennar.

Sjálfkjörnir fulltrúar á ASÍ-þing hjá:

Einingu, ASB og Landssambandi vörubifreiðastjóra

Um helgina urðu sjálfkjörnir fulltrúar á Alþýðusambandsþing í tveim félögum til viðbótar þeim sem sagt hefur verið frá í Þjóðviljanum, Einingu á Akureyri og ASB. Einnig varð sjálfkjörin í Landssambandi vörubifreiðastjóra á mánudaginn.

Frestur til að skila framboðslistum til Alþýðusambandsþings rann út í Verkalýðsfélaginu Einingu á Akureyri á hádegi á laugardag. Aðeins einn listi kom fram, listi stjórna og trúnaðarmannaráðs, og var hann því sjálfkjörinn. Frestur rann einnig út á sama tíma í Bilstjórastjórn Akureyrar, en þar báru fíhald og kratar fram lista gegn tillögum stjórna og trúnaðarmannaráðs, og verður kosið um listana um næstu helgi.

Aðalfulltrúar Einingarinnar á Alþýðusambandsþing eru þessir menn: Björn Jónsson, Björn Hermannsson, Gunnar Sigtryggsson, Jón Ásgeirsson, Margrét Magnúsdóttir, Vilborg Guðjónsdóttir, Þórhallur Einarsson.

Varamenn:

Rósberg G. Snæland, Freyja Eiríksdóttir, Marta Jóhannesdóttir, Björgvin Einarsson, Jóhann Hannesson, Rut Björnsdóttir og Ingólfur Arnason.

Mánudaginn 19. september kl. 18.00 var útrunninn frestur til að skila tillögum um fulltrúa Landssamb. vörubifreiðastjóra á 30. þing Alþýðusambands Íslands. Aðeins ein tillaga kom fram, frá stjórn og trúnaðarmannaráði,

eru því eftirtaldir menn sjálfkjörnir sem fulltrúar vörubifreiðastjóra á næsta Alþýðusambandsþing:

Aðalfulltrúar: Einar Ógmundsson, Rvík, Pétur Guðfinnsson, Rvík, Haraldur Bogason, Akureyri, Sigurður Ingvarsson, Arnarsýslu, Hrafn Sveinbjarnarson, S-Múlas, Ásgrímur Gíslason, Rvík, Hall-dór Geirmundsson, Ísaf., Sigur-jón Sigurðsson, Vestm.eyjum, Arnberg Stefánsson, Borgarnesi, Framhald á 7. síðu.


Dagsbrún mun efna til spila-kvölda fyrir félaga í vetur

Verkamannafélagið Dagsbrún hefur í hyggju að efna til spila-kvölda í vetur. Verður bæði um að ræða félagsvist og bridge. Kvöldum þessum verður þannig háttað, að aðra vikuna verður bridge og hina félagsvist.

Hugmyndin er að byrja með bridge föstudaginn 30. þ.m. kl. 8.30 í Lindarbæ uppi. Keppni þessi er hugsuð sem sveita-

keppni á milli vinnustöðva með sama sniði og var veturinn 1964. Verðlaunin verða vandaður bikar og er hann hugsaður sem farandbikar.

Félagsvistinni verður þannig háttað, að hún hefst þriðjudaginn 4. október kl. 8.30 í Lindarbæ niðri. Verðlaun verða veitt eftir hvert kvöld, og heildarverðlaun Framhald á 7. síðu.



Frá Haustsýningunni í Listamannaskálanum (Ljós. vñ).

36 á Haustsýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna

Sjö þeirra sýna nú í fyrsta sinn með félaginu

Í kvöld verður opnuð í Listamannaskálanum haustsýning Félags ísl. myndlistarmanna og taka þátt í henni að þessu sinni 36 málara og myndhöggvarar, þar af sjö sem ekki hafa sýnt áður með félaginu.

Nýliðarnir sjö eru Gunnar Bjarnason, Kristín Eyfells, Matt- ea Jónsdóttir, Ólafur Gíslason, Ragnheiður Jónsdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Sigurjón Jóhannsson og eiga frá einni upp í sex myndir hvert. Þá tekur einn Færeyingur, Ingvaldur av Reyni, þátt í sýningunni í boði félagsins, en það hefur undanfarin ár boðið einum til tveim myndlistarmönnum frá hinum Norðurlöndunum þátttöku.

Aðrir málara sem sýna eru Sverrir Haraldsson, Jóhannes Jóhannesson, Bragi Ásgeirsson, Hafsteinn Austmann, Jóhann Briem, Eyborg Guðmundsdóttir, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jónas Guðvarðsson, Benedikt Gunnarsson, Valtýr Péturs-

son, Snorri Sveinn Friðriksson, Magnús A. Arnason, Steinbór Sigurðsson, Eiríkur Smith, Hjörleifur Sigurðsson, Þorvaldur Skúlason, Sigurður Sigurðsson og Hringur Jóhannesson. Arnar Herbertsson sýnir teikningar og þær Barbara Árason og Ásgerður Búaðóttir ofin teppi. Högg-

myndir eiga Bjarni Guðjónsson, Guðmundur Benediktsson, Guðmundur Elisson, Jón Benediktsson og Sigurjón Ólafsson.

Alls eru á sýningunni 9 höggmyndir og 56 málverk, teikningar eða vatnslitamyndir og verður hún opin almenningi í þrjár vikur kl. 2–10 e.h.

Blað kinnverska hersins um þörf á þjóðlegri menningu

PEKING 20/9 — Fréttaritari frönsku fréttastofunnar AFP í Peking vekur athygli á grein sem birtist hefur í málagnu kinnverska hersins og telur að af henni megi læra eitthvað um „menningarbyltingu“ þá sem nú stendur yfir í Kína.

Greinin fjallar, um ritsmið Mao Tsetungs frá 1940 um hið

nýja lýðræði og sagt er að hún sé frábær leiðarvísir í „menningarbyltingunni“.

— Mao formaður leggur megináherzlu á eftirfarandi atriði: Menning hvers samfélags endurspeglar jafnan hið pólitíska og efnahagslega þjóðfélagskerfi, það verður að rífa niður svo að Framhald á 7. síðu.

Ekið á kind á Keflavíkurvegi

Í gærmorgun kl. 11 var bíl ekið á kind á nýja Keflavíkurvegnum rétt fyrir sunnan Hvassahraun. Var bíllinn á talsvert mikilli ferð þegar ærin kom allt í einu upp á veginn og hljóp fyrir bíllinn. Ökumanni tókst ekki að stanza, bílnum hvolfdi og er hann talinn gjöreyðilagður. Ökumadurinn meiddist eitthvað og þurfti að flytja hann á Slysavörðstofuna. Kindin drapst samtundis.

Talsvert er um að kindur hlauji yfir veginn á þessu svæði og veldur þetta stórhættu þar sem þarna er leyfður upp í 80 km ökuhraði og munu fáir fara hægar. Tryggingar munu ekki greiða tjónabætur í svona tilvikum.

NÝJA DILKAKJÖTIÐ SELT TIL FÆREYJA

Hér á myndinni sjást verkamenn við Reykjavíkurhöfn vinna við útskipun á 70 tonn- um af nýju dilkakjöti, sem flutt verður út til Færeya með færeyska flutningaskipinu Christian Holm. Það er SIS sem stendur að þessum útflutningi, en í fyrra seldi Sambandið um 200 tonn af kjöti til Færeya.

Kjötið sem skipað var út í gær er flutt á stórum flutningabílum norðan frá Sauðárkróki, Blönduósi og Hvamms- tanga og ofan úr Borgarnesi, og höfðu verkamennirnir sem unnu við útskipunina við orð að þetta bætti vísu ekki alls staðar góð meðferð á nýju kjöti, að flytja skrokkana

fyrst á bílum langar leiðir og síðan landa á milli í skipi sem ekki hefur kælist.

Þjóðviljinn átti í gær tal við Agnar Tryggvason hjá SIS um þennan útflutning, og kvað hann kjötið flutt út á hagkvæmu verði, en fékkst ekki til að segja hvert það væri. Verkamennirnir við höfnina höfðu það hins vegar eftir færeyska skipstjóranum að kjöt þetta væri selt í búðum í Færeyjum á um 40 kr. ísl. hvert kg., og sögðust þeir eiga bág með að skilja þá hagspeki að selja kjötið úr landi á verði sem er langt undir hálfvörð þess sem það kostar í búðunum hér. (Ljós- mynd: Þjóðv. H. G.).

